

höfum Vèr 10. þ. m., samkvæmt 25. grein grundvallarlaganna, látið út ganga bráðabirgðalög um ríkisstjórnina í þessari fjærveru Vorri.

1868.
12. ágúst.

Samkvæmt þessu kunngjörum Vèr Vorum kæru og trúu þegnum hér með, að Vor ástkæri sonur, hans konunglega tign Kristján Friðrik Vilhjálmur Karl, konungsefni, tekst frá því í dag á hendur ríkisstjórnina í Voru nafni.

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um líðun um borgun á láni, er nokkrar sveitir í Snæfellsnessýslu höfðu fengið úr styrktarsjóðnum Íslenzka.

15. ágúst.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 3. þ. m. allramildilegast að fallast á, að þessum sveitum í Snæfellsnessýslu: Neshrepp innan Ennis, Neshrepp utan Ennis, Eyrarsveit, Staðarsveit og Breiðuvíkurrepp skuli veitt lausn í 3 ár, talin frá 1. janúarmán. þ. á. frá að gjalda neitt uppí skuld þá, er styrktarsjóðurinn Íslenzki átti hjá sveitum þessum 31. desembermán. f. á., og eins frá að borga leigur af skuldinni.

Þetta skal yður hér með kunngjört herra amtmaður, útaf bréfi yðar 16. maímán. þ. á., sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um erfðafestu-sölu á ýmsum túnþörtum kringum Reykjavík.

15. ágúst.

Samkvæmt reglugjörð 27. nóvembermán. 1846 24. grein hafið þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 27. marzmán. þ. á., sókt um samþykki stjórnarráðsins til þess, að nokkrir túnblettir í

1868.

15. ágúst.

kringum Reykjavíkur kaupstað, sem eru álitnir eign kaupstaðarins, hafa á opinberu uppboðsþingi verið seldir til erfðafestu fyrir árlegt afgjald, eins og nú skal greina:

- | | |
|--|------------|
| 1) parturinn nr. 2 af Hlíðarhúsatúni fyrir | 116 álnir. |
| 2) — - 3 - — | 119 — |
| 3) Ullarstofutún | 101 — |
| 4) Hólakots- eða Biskupsstofutún | 72 — |
| 5) Melshúsatún (Melkotstún) | 104 — |
| 6) sefsítak í tjarnarenda | 25 — |

Sökum þess að vafi hefir leikið á, hvort tún þau, sem til færð eru með staflid 3—5, væru eign Reykjavíkur bæjarfélags eða ríkissjóðsins, hefir dómsmálastjórnin skrifast á við fjárstjórnina um málið og borið það síðan upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknast samkvæmt tillögum dómsmálastjórnarinnar 3. þ. m. allramildilegast að fallast á, að sleppa megi Reykjavíkur bæjarfélagi í hag öllu því tilkalli, er ríkissjóðurinn kann að hafa til þessara þriggja túnbletta. Þareð nú enginn vafi um eignarréttinn til túnanna getur lengur verið því til fyrirstöðu, að þau séu seld kaupstaðnum í hag, og dómsmálastjórnin ekki að öðru leyti hefir neitt að mæla móti sölnunni á ofan nefndum túnblettum, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að stjórnarráðið veitir hér með samþykki það, sem um er beðið.

15. ágúst. 48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um að prentsmiðjunni á Akureyri skuli heimilt að prenta bækur þær, er Hólaprentsmiðja hin forna hafði prentrétt til.

Til síðasta alþingis hafði komið bænarskrá nokkur um, að prentsmiðju norður- og austurumdæmisins yrði veitt jöfn prentunarheimild við stiptysprentsmiðjuna að bókum þeim, sem Hólaprentsmiðja hin forna átti prentunarheimild á, og var bænarskránni vísað forseta-veginum með meðmælingu þingsins til yðar,